

# Fundargerð 2. fundar

## Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 7. nóvember 2012

Árið 2012, miðvikudaginn 7. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Svanfríður Inga Jónasdóttir, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir, Elliði Vignisson og Páll Björgvin Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Magnús Karel Hannesson og Valur Rafn Halldórsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundur stjórnar með fjármálaráðherra og atvinnu-og nýsköpunarráðherra.

Rætt var um efni fundar stjórnar með ráðherrum sem fram fór kl. 10 þann 7. nóvember. Á fundinum gerði stjórn grein fyrir stofnun og markmiðum samtakanna. Mest var rætt um skiptingu veiðigjaldsins milli ríkis og sveitarfélaga. Ráðherrar töldu að tekjur af sérstaka veiðigjaldinu yrðu bundnar í rekstri ríkisins til a.m.k. næstu 5 ára. Stjórnarmenn töldu það af og frá og lýstu sjónarmiðum sveitarfélaganna og nauðsyn þess að þessar tekjur kæmu aftur inn í samfélögin til uppbyggingar nýrra atvinnutækifæra í kjölfar þeirra sem munu fyrirsjáanlega tapast vegna þeirrar hagræðingar sem verður í kjölfar veiðigjaldanna.

Niðurstaða fundarins var að samtökin og ríkið munu halda viðræðum áfram og voru aðstoðarmenn ráðherra gerðir ábyrgir fyrir tengslum við samtökin.

*Ákveðið að á næsta fundi verði upplegg gagnvart ríkinu og næstu skref ákveðin. Formaður lagði áherslu að fleiri riti greinar um tilgang og markmið samtakanna.*

### 2. Ritun fundargerða

Rætt var um hvort starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga myndi sjá um ritun fundargerða eða Róbert Ragnarsson sem er ritari samtakanna.

*Ákveðið var að fela ritara samtakanna að sjá um fundarritun. Starfsmaður sambandsins mun hinsvegar sjá um að senda fundargerðirnar út á aðildarsveitarfélög þegar búið er að samþykka þær sem og að sjá til þess að þær séu geymdar í skjalavistunarkerfi hjá sambandinu.*

### 3. Fjármál samtakanna

- Heildartekjur samtakana eru áætlaðar um 4-5 milljónir.
- Áætlað er að halda um 10 fundi á ári þar sem sex þeirra verða símafundir.
- Ferðakostnaður vegna stjórnarfunda verður greiddur af samtökunum og þeir sem koma með flugi skulu notast við flugkort sambandsins.
- Greitt er fyrir hvern stjórnarfund en ekki mánaðargreiðslur
- Ákveðið að Valur Rafn starfsmaður samtakanna fái prókúru á reikning samtakanna fyrstu mánuðina þar til nýr starfsmaður verður kominn í bókhald sambandsins. Engir reikningar verða þó greiddir nema með samþykki gjaldkera samtakanna.

Magnús Karel gerði grein fyrir því að samtökin þyrftu að greiða eitthvað fyrir þjónustu sambandsins fyrsta árið. Svo mun það fara eftir umfangi hver greiðslan verður í framhaldi.

### 4. Kennitala fyrir samtökin

Stofna þarf kennitölu fyrir samtökin. Gengið var frá gögnum til þess og

*Róberti falið að stofna kennitölu fyrir samtökin. Mun hann leggja út fyrir þeim kostnaði og fá endurgreitt þegar hann skilar inn nótum vegna þess.*

## **5. Sjávarútvegsráðstefna**

Rætt um hvort og þá hvenær samtökin ættu að standa fyrir sjávarútvegsráðstefnu fyrir sveitarstjórnarmenn, en samkvæmt samþykktum samtakanna skal halda Sjávarútvegsfund það ár sem ekki er haldinn aðalfundur. Slíkur fundur getur verið mikilvægur liður í að umræðan um sjávarútveg verði upplýstari.

Á slíkri ráðstefnu ætti sjónarhornið að vera frekar þröngt og fókuserað á hagsmuni sveitarfélaga.

## **6. Erindi á fjármálaráðstefnu**

Athuga á hvort samtökin geti fengið að vera með kynningu á næstu fjármálaráðstefnu, enda erindið nátengt fjármálum sveitarfélaga í landinu.

## **7. Staða sjávarútvegs í Vestmannaeyjum og tekjur sveitarfélagsins eftir sölu útgerðarfélagssins Bergur-Huginn ehf.**

Elliði Vignisson fór yfir helstu niðurstöðu skýrslu sem Vestmannaeyjabær lét gera fyrir sig um sölu á útgerðarfélaginu Bergur-Huginn ehf. og áhrif þess á Vestmannaeyjar.

*Stjórnarmeðlimir sammála um að samantekt sem þessi væri gagnleg fyrir allar sjávarútvegsbyggðir. Nefnt var hvort samtökin gætu látið útbúa ramma fyrir úttekt sem þessa fyrir önnur sveitarfélög svo gögnin verði samanburðarhæf.*

Fundi var slitið kl. 12:10